

Stofnanasamningur
milli Öldunnar stéttarfélags, Einingar-Iðju, Framsýnar stéttarfélags,
Stéttarfélagsins Samstöðu og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands
um forsendur röðunar starfa við stofnunina, sem gildir frá 1. október 2025

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Starfsgreinasambands Íslands (hér eftir SGS)

1. Gildissvið og markmið

Stofnanasamningur þessi nær til allra félagsmanna í Öldunni stéttarfélagi, Einingu-Iðju, Framsýn stéttarfélagi og Stéttarfélaginu Samstöðu sem starfa á Heilbrigðisstofnun Norðurlands og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og SGS, sbr. 11. kafla kjarasamningsins.

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf,
- að launakerfið taki mið af skipuriti stofnunar,
- að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir framgang í starfi.

2. Starfaflokkun til launa og grunnröðun

Aðstoðarmaður almennt	lfl. 7-1
Vettvangsliði	lfl. 8-1
Almenn störf við ræstingu, í eldhúsi og þvottahúsi	lfl. 8-0*
Störf við aðhlynningu eða umönnun	lfl. 8-1
Verkstjórn	lfl. 9
Aðstoð sjúkraþjálfara	lfl. 10
Ræstingastjóri	lfl. 11
Háskólanemi á heilbrigðissviði	lfl. 11
Félagsliði	lfl. 14
Matartæknir 1	lfl. 14
Matartæknir 2	lfl. 15

*Tekur gildi 1. nóvember 2026

Hafi starfsmaður fastar yfirvinnugreiðslur eða aðrar aukagreiðslur falla þær niður við gildistöku þessa samnings, þó þannig að enginn skal lækka í launum.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. 3. og 4. gr. samnings þessa.

Við nánari ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem hér um ræðir skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi eða stöðugt verksvið.

Vegna breytinga á starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari og þarf röðun sérstaklega að fara fram vegna þeirra.

3. Viðbótarforsendur við mat í þrepum

Heimilt er að meta til viðbótar við grunnröðun starfsheita samkvæmt 2. gr. samningsins, eftirfarandi þætti, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess í grunnröðun.

Hvort starfið sé umfangsmikið/fjölþætt 1 þrep.
Hvort starfið feli í sér sérstaka ábyrgð 1 þrep.
Hvort starfið feli í sér flókin eða vandasöm verkefni 1 þrep.
Hvort krafist sé sérstakrar hæfni umfram það sem almennt gerist 1 þrep.
Frammistaða umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrir
fram skilgreindum mælanlegum viðmiðum 1 þrep.

Ennfremur er heimilt að taka mið af öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir deild/stofnun.

Starfsfólk sem hefur, við gildistöku þessa samnings, auka launaflokk vegna næturvakta heldur þeim, á meðan viðkomandi sinnir næturvöktum.

4. Persónubundnir þættir

4.1. Menntun

4.1.1 Endur- og símenntun

Endur- og símenntun umfram grunnkröfur starfs allt að 4 þrep.
Eftir 60 klst. námskeið 1 þrep.
Eftir 120 klst. námskeið 1 þrep.
Eftir 180 klst. námskeið 1 þrep.
Eftir 240 klst. námskeið 1 þrep.

4.1.2 Önnur formleg menntun sem nýtist í starfi umfram grunnkröfur starfs

Menntun starfsmanns sem ekki er tekið tillit til í grunnröðun starfs skal meta sem hér segir:

Stúdentspróf, sveinspróf, sérstakt fagnám eða annað sambærilegt nám á framhaldsskólastigi skal hækka um tvö álagsþrep.

4.1.3 Háskólanám sem nýtist í starfi umfram grunnkröfur starfs

- Starfsmaður sem lokið hefur diplómagráðu á háskólastigi sem samsvarar einu skólaári og nýtist í starfi skal hækka um tvö álagsþrep.
- Starfsmaður sem lokið hefur BA/BS/B.ED eða sambærilegu námi sem nýtist í starfi skal hækka um fjögur álagsþrep.
- Starfsmaður sem lokið hefur mastersnámi sem nýtist í starfi skal hækka um tvö álagsþrep.

Þessi grein getur gefið að hámarki 6 þrep.

Samstarfsnefnd setur nánari reglur um mat á viðbótarmenntun og skilyrði fyrir launahækkunum vegna viðbótarmenntunar.

4.2. Starfsreynsla

Eftir eitt ár í starfi	1 lfl.
Eftir þrjú ár í starfi	1 lfl.
Eftir sex ár í starfi	1 lfl.
Eftir 10 ár í starfi	1 lfl.
Eftir 15 ár í starfi	1 lfl.

4.3 Tímabundnir þættir sem nýfast í starfi

Þróun, nýsköpun, öflun nýrra verkefna og hugmynda	1 lfl.
Sérstak álag og erfiðleikastig eða tímabundin aukin ábyrgð.....	1 lfl.

Tímabundið álag er hægt að veita í allt að 12 mánuði í senn. Að þeim tíma liðnum fellur það niður nema um annað sé samið.

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á gunnlaunatölu launaflokks sem er umfram átta þrep færast í næstu jafnháu eða hærri launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

5. Starfsmannasamtöl

Að minnsta kosti árlega skulu fara fram starfsmannasamtöl. Það er m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsingu, skipulag, stjórnun, starfsþróun, framgang í starfi, símenntun og frammistöðu starfsmanns. Starfsmannasamtal er ekki vettvangur umræðu um laun.

6. Launaviðtöl

Starfsmaður getur hvenær sem er óskað eftir sérstöku launasamtali, þó aðeins einu sinni á ári. Það samtal skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að ósk hefur komið fram eða eftir nánara samkomulagi. Starfsmanni skal gefið svar stofnunarinnar eigi síðar en fimm vikum eftir að launaviðtal fór fram.

7. Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11.6. kafla kjarasamningsins.

8. Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11.4 kafla kjarasamningsins. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

9. Gildistími

Samningurinn gildir frá 1. október 2025.

Samningur þessi eru undirritaður rafrænt.

Bókanir

Ef starfsfólk sem tekur laun eftir þessum stofnanasamningi fær starfsþróun innan HSN skal leitast við að raða þeim í launatöflu SGS á sambærilegum kjörum og ella. Það er, svo starfsfólk þurfi ekki að skipta um stéttarfélag kjósi það að halda félagsaðild að viðkomandi stéttarfélagi sem aðild á að samningnum. Ákvæðið á ekki við ef viðkomandi starfsfólk er með heilbrigðismenntun.

Starfslýsingar:

Hér má sjá stutta útskýringar á hvað felur í sér í neðangreindum starfsheitum.

Almenn störf í eldhúsi,

Starfsmaður í eldhúsi þurrkar af borðum, þrífur eldhús, vaskar upp, undirbýr hráefni, aðstoðar við eldamennsku og afgreiðslu á mat og drykk. Sinnir almennum störfum í eldhúsi, eldamennsku, bakstri, skömmtnun o.þ.h. Sinnir almennum og sértækum þrifum í eldhúsi og matsal starfsmanna, skúringum, uppþvotti og frágangi. Tileinkar sér gæðaeftirlitskerfi eldhúsa og mötuneyta með þrifum, umgengni og frágangi vinnustaðarins. Sinnir skyldum verkum.

Verkefni eru meðal annars :

- Sjá um uppvaskefni og þrif í eldhúsi og á afgreiðslusvæði
- Aðstoða kokka og matreiðslufólk við undirbúning hráefna
- Setja saman rétti áður en þeir eru reiddir fram. Undirbúa, elda, rista og hita upp einföld matvæli
- Flytja, vigta og geyma birgðir í kælum, frystum og öðrum geymslusvæðum matvæla

Matartæknir I

- Sinnir störfum í matseld og framreiðslu, almennum þrifum í eldhúsi, uppþvotti og matsal.
- Sinnir þöntunum og skipulagi í eldhúsi í samráði við matráð og sinnir skyldum verkum.
- Starfið getur falið í sér að vera yfirmaður í eldhúsi eða verkstjóri á vöktum.
- Starfar í eldhúsi sem framleiðir færri en 60 hádegisskammta.
- Hefur lokið námi í matartækni.

Matartæknir II

- Sinnir störfum í matseld og framreiðslu, almennum þrifum í eldhúsi, uppþvotti og matsal.
- Sinnir þöntunum og skipulagi í eldhúsi í samráði við matráð og sinnir skyldum verkum.
- Starfið getur falið í sér að vera yfirmaður í eldhúsi eða verkstjóri á vöktum.
- Starfar í eldhúsi sem framleiðir fleiri en 61 hádegisskammta.
- Hefur lokið námi í matartækni.

Undirritunarsíða

F.h. Framsýnar
Aðalsteinn Árni Baldursson

F.h. Samstöðu
Sigurey Agatha Ólafsdóttir

F.h. Öldunnar
Þórarinn Guðni Sverrisson

F.h. Einingar-löju
Tryggvi Jóhannsson

F.h. HSN
Hildur Ösp Gylfadóttir

F.h. HSN
Jón Helgi Björnsson

F.h. HSN
Þórhallur Harðarson

F.h. HSN
Guðný Friðriksdóttir